FORELDRAFÉLÖG KÓRASKÓLA OG HÖRÐUVALLASKÓLA

Handbók um foreldrarölt í Kórahverfi

Fyrir foreldra og forsjáraðila í Kóraskóla og Hörðuvallaskóla · Skólaárið 2026–2027

Af hverju foreldrarölt?

Foreldraröltið er fyrst og fremst hugsað til að tryggja öruggt nærumhverfi barnanna okkar. Sýnileiki fullorðinna er besta forvörnin gegn óæskilegum hópamyndunum unglinga. Nærvera foreldra hefur róandi áhrif og gefur unglingum tækifæri til að leita aðstoðar ef á þarf að halda.

Röltið hjálpar okkur foreldrum í Kórahverfi að:

- standa saman um að virða útivistarreglur,
- efla foreldrasamstarf og kynnast öðrum foreldrum í árganginum,
- kortleggja hvað fer fram í hverfinu eftir útivistartíma,
- draga úr líkum á vímuefnaneyslu, einelti og ofbeldi.

Ef þátttaka er góð þarf hvert foreldri ekki að rölta oftar en 2–3 sinnum yfir skólaárið, **í a.m.k. klukkutíma í senn**. Góðir skór og vilji til að vera með – það er allt sem þarf!

Útivistartími

Útivistartíminn er bundinn í lög og miðast við fæðingarár, ekki fæðingardag.

Aldur	1. sept. – 1. maí	1. maí – 1. sept.
12 ára og yngri	til kl. 20:00	til kl. 22:00
13–16 ára	til kl. 22:00	til kl. 24:00

Börn 12 ára og yngri mega vera úti lengur í fylgd fullorðinna. Börn 13–16 ára mega vera á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

Skipulag röltsins

Foreldrafélög Kóraskóla og Hörðuvallaskóla halda utan um röltið og treysta á bekkjarfulltrúa til að láta vita í sínum bekkjum og virkja foreldra – t.d. með því að búa til viðburð (event) á Facebook-síðu bekkjarins.

- **Hvenær:** **föstudags- og laugardagskvöld frá kl. 22:00 í a.m.k. klukkutíma**. Ef þörfin er meiri röltum við lengur, eftir því sem hópurinn metur nauðsynlegt.
- **Hver árgangur á sínar helgar:** hver árgangur fær úthlutaðar helgar yfir skólaárið – sjá **helgarskipulagið aftast í handbókinni**. Allir foreldrar eru alltaf velkomnir, óháð árgangi – því fleiri, því betra.
- **Upphafsreitur:** aðalinngangur **Hörðuvallaskóla** (1.–7. bekkur) eða **Kóraskóla** (8.–10. bekkur). Aukafundarstaður: Kórinn.
- **Fjöldi:** helst a.m.k. fimm foreldrar, en rölta samt þó færri mæti.
- **Leið:** fastir stoppistaðir og kort af helstu leiðum eru á næstu síðu.
- **Veður:** ef gul eða appelsínugul veðurviðvörun er í gildi fellur röltið niður.

Leiðin og stoppistaðir

Leiðirnar á kortinu eru til viðmiðunar. Gangið þá hringi sem henta hópnum og kíkið alltaf á helstu stoppistaðina – þar safnast unglingar helst saman.

Foreldrarölt Kórahverfis

Helstu leiðir og stoppistaðir · Hörðuvallaskóli & Kóraskóli



Upphafsreitur: Aðalinngangur Hörðuvallaskóla (1.–7. b) eða Kóraskóla (8.–10. b)
Kórinn – Gengið fös. og lau. frá kl. 22:00

Stoppistaðir - skrifið númer eða heiti staðanna í reitinn

1. Hörðuvallaskóli
2. Kóravegur
3. Kórinn
4. Bak við Kórinn
5. Undirgöng
6. Krónan
7. Leikskólinn Kór
8. Hestahverfið ofan Kórsins
9. Guðmundarlundur
10. Körfuboltavöllur á Rjúpnahæð
11. Bílastæði við Huppu
12. Leikskólinn Baugur
13. Miðjan í Baugakór
14. S-brekkan
15. Göngustígur milli Baugakórs og Rjúpnavegar

Kort: Kópavogsbær · Foreldrafélag Hörðuvallaskóla

„Af hverju ætti ég að rölta ef barnið mitt er ekki úti?“

Umhverfið sem börnin okkar eru í allan daginn er umhverfi sem við þurfum að þekkja og vita hvað er í gangi. Það er samfélagsleg ábyrgð okkar allra að búa börnunum í hverfinu öruggt og gott umhverfi til að alast upp í.

Það er fælingarmáttur í því að foreldrar séu sýnilegir úti eftir að útivistartíma lýkur. Ef hverfið okkar verður „heitur reitur“ sem aðrir sækja í, getum við sem sterkt foreldrasamfélag verið fælingarmáttur – og stuðningur fyrir þau sem þurfa sérstaklega á því að halda.

Á röltinu

Við erum sýnileg, vinaleg og án valds. Við erum hvorki boðvald né höfum inngripsvald – við erum fyrst og fremst til staðar.

- **Röltarar eru í vestum** sem nálgast má í **Spar**. Mikilvægt er að skila þeim aftur þangað eftir röltið.
- Minnið krakkana á útivistartímann og hvetjið þau til að halda heim á leið.
- Nýtið samskiptahæfnina og hafið hlýju og umhyggju að leiðarljósi: hlustið og leiðbeinið – en gefið ekki skipanir.
- Farið aldrei inn í aðstæður sem gætu verið ógnandi. Óskið þá eftir liðsinni lögreglu.
- Takið ekki myndir af börnum eða unglingum nema með þeirra samþykki.
- *Aðgát skal höfð í nærveru sálar.* Gætið ávallt trúnaðar og ræðið ekki einstaklinga eða atvik sem þið verðið vitni að við óviðkomandi.

Ef eitthvað kemur upp

HRINGIÐ STRAX Í

112

Verðið þið vör við ofbeldi, vímuefnaneyslu eða sölu, eða annað ólöglegt: hringið strax. Kynnið ykkur sem hluta af foreldrarölti í Kórahverfi og leyfið lögreglu að sinna sínu starfi.

Alvarleg atvik eru einungis tilkynnt til viðeigandi aðila: **lögreglu, barnaverndar, félagsmiðstöðvarinnar og skólans**. Þau eru bundin trúnaði og koma málum í réttan farveg.

Eftir röltið – stutt skýrsla

Einn úr hópnum fyllir út stutta skýrslu í **Google Forms** eftir röltið. Skýrsluna má finna **á vef skólanna og á Facebook-síðum foreldrafélaganna**.

- ✔ Dagsetning, tími og árgangur
- ✔ Stoppistaðir (númer af kortinu)
- ✔ Atvik – ef eitthvað kom upp
- ✔ Fjöldi röltara og veður
- ✔ Staðan í hverfinu
- ✔ Ábendingar, t.d. um lýsingu

Skráið aldrei nöfn eða aðrar persónugreinanlegar upplýsingar um börn. Skýrslan er ekki tilkynningarleið – í bráðatilvikum er alltaf hringt í 112.

Svörin hjálpa okkur að sjá hvernig gengur, koma ábendingum til skólans og bæjarins og þakka ykkur fyrir framlagið. 💚

Spurningar? Ef eitthvað er óljóst má alltaf heyra í okkur:

Kóraskóli
Svava H. Friðgeirsdóttir
koraskoliforeldrafelag@gmail.com

Hörðuvallaskóli
Friðmey Jónsdóttir
ffhorduvallaskola@gmail.com

Helgarskipulag 2026–2027

Hver árgangur fær úthlutaðar helgar til að velja úr. Takið eitthvað af þessum dagsetningum frá og takið þátt – og munið að allir eru alltaf velkomnir, óháð árgangi.



Byggt á Handbók foreldrarölts frá Frístundamiðstöðinni Tjörninni (2019). Kort: Kópavogsbær.